

**REGLUR**  
**um ráðstöfun 700 millj. kr. aukaframlags**  
**til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**

1. gr.

Varið skal 280 millj. kr. til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999.

2. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 1999, 2000 og 2001. Við úthlutunina verði byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 1998, 1999 og 2000, og bráðabirgðatölur 1. desember 2001.

Við úthlutunina skal sveitarfélögum raðað í viðmiðunarflokka eftir íbúafjölda með sama hætti og með sama vægi og við úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2001, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 44/1999 með síðari breytingum.

Skerðing verður á úthlutun til hvers sveitarfélags þegar meðaltekjur á íbúa miðað við fullnýtingu tekjustofna eru 15% yfir viðmiðunartekjum hvers flokks og fellur niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi fækkun í sveitarfélagi verið umfram 3 íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Varið skal 70 millj. kr. til þess að auka tekjujöfnun sveitarfélaga á árinu 2001 á grundvelli 11. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999 með síðari breytingum. Jöfnunarhlutfall tekjujöfnunarframlaga skal hækka sem nemur fjárhæðinni.

4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 – liður 8.17 og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.*

**Páll Pétursson.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*